

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu- og sorpeyðingu í Ásahreppi.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Ásahrepps er heimilt að setja á sérstakt gjald vegna sorphirðu og -eyðingar, sbr. samþykkt nr. 433/2012 um meðhöndlun úrgangs.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni verða innheimt með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

Á íbúðarhús, fristundahús, fyrirtæki, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skipar sveitarstjórn í flokk eftir áætluðu magni úrgangs. Gjaldið skal vera eftirfarandi:

	<i>Heimili</i>	<i>Fristundahús</i>	<i>Lögbýli ***</i>	<i>Fyrirtæki</i>
Grunngjald kr. *	17.554	12.549	7.529	15.360
Ílátagjald kr. **	21.694			
Samtals kr.	39.248	12.549	7.529	15.360

\* Grunngjald tekur til reksturs sorkerfisins, s.s. reksturs gámostöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla grunngjalds veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi.

\*\* Ílátagjald er einungis lagt á heimili og innifelur það gjald leigu og losun á ílátum.

\*\*\* Grunngjald er lagt á lögbýli sem hafa umfang umfram heimili, þ.e. ef fasteignir umfram íbúð og bílskúr eru á lögbýli er lagt á það grunngjald.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem byggir á samþykkt um sorphirðu í Ásahreppi, er samþykkt af hreppsnefnd Ásahrepps og samþykkt af heilbrigðisnefnd Suðurlands í samræmi við 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, nr. 7/1998.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar og öðlast þegar gildi.

*Samþykkt af hreppsnefnd Ásahrepps, 9. desember 2015.*

**Nanna Jónsdóttir** sveitarstjóri.